



Ytri-Neslöndum
660 Mývatn
Iceland
www.fuglasafn.is
fuglasafn@fuglasafn.is
464 4477

Ársskýrsla 2008



Ársskýrsla 2008

Efnisyfirlit

Formáli	3
Opnunartími	4
Starfsfólk	4
Aðsókn	5
Húsnæði	5
Safnkostur	6
Skráningarkerfi	7
Varðveisla	7
Rannsóknir	7
Miðlun	8
Önnur þjónusta	8
Mat á starfssemi	9
Næstu skref	10
Lokaorð	10

Formáli

Safnið var opnað 17. ágúst við hátíðlega athöfn. Vigdís Finnbogadóttir forseti opnaði safnið formlega. Það komu um 250 gestir til að fagna opnuninni hjá okkur. Þessi tími frá opnun til áramóta var notaður til að safna í reynslubrunninn en í upphafi vissum við ekkert hvað við vorum að fara út í eða hverju við ættum von á. Það er mikið þrekvirki að byggja upp náttúrugripasafn eins og Fuglasafn Sigurgeirs. Okkur tókst að gera safnið mjög áhugavert og skemmtilegt með hjálp góðra manna og kvenna. Það var alltaf haft að leiðarljósi að gera alla hluti af fagmennsku þó það myndi kosta eitthvað en við vorum viss um að það myndi skila sér síðar. Gestir hafa lofað safnið og nota sterkustu lýsingarorðin til að lýsa sinni upplifun eftir heimsóknina. Skólabörn hafa komið og gert verkefni í safninu sem hluta af sínu námi. Þetta hefði aldrei tekist nema með góðum stuðningi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Það er alltof langt mál að telja alla þessa aðila upp hér en ég leyfi mér að nefna nokkur dæmi. Aurora velgerðarsjóður styrkti safnið um 20 milljónir til að setja upp sýninguna, Fjárlaganefnd Alþingis hefur samtals styrkt okkur um 11 milljónir, Afkomendur Jóns og Veigu í Syðri-Neslöndum styrktu uppbyggingu bátaskýlisins um 3 milljónir, Manfræð Vilhjálmsson arkitekt gaf okkur teikningarnar, verkfræðistofan VGK (Kristján Flyering) teiknaði lagnir og gaf þá vinnu, það gerði líka verkfræðistofan Línuhönnun sem teiknaði allt burðarvirkið. Þar fyrir utan var fjöldi fyrirtækja sem lét okkur hafa vöru og þjónustu á mjög hagstæðum kjörum. Fjöldi einstaklinga styrkti okkur bæði fjárhagslega og lagði til vinnu og tæki endurgjaldslaust. Öllu þessu góða fólki og fyrirtækjum sendum við okkar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Fuglasafn Sigurgeirs er enn ein rósinn í flóru Mývatnssveitar og ferðamenn munu dvelja lengur og njóta safnsins og fuglaskoðunar.



Mynd 1 Fuglasafn Sigurgeirs

Opnunartími

Frá 17. ágúst til 30. september var safnið opið frá kl. 11:00 – 19:00 alla daga.

Frá 1. október til 31. október var opið frá kl. 12:00 – 17:00 alla daga.

Frá 1. nóvember til 31. desember var opið frá kl. 14:00 – 16:00 virka daga og 13:00 – 16:00 um helgar. Svo hefur verið opnað ef hópar hafa pantað á öðrum tímum.

Starfsfólk

Fyrri hluta ársins var öll vinna í sjálfboðavinnu fyrir utan verktaka. Það var ekki fyrr en í maí lok sem fólk var tekið inn á launaskrá.

Safnstjóri eru Pétur Bjarni Gíslason í hálfu starfi. Stefanía Stefánsdóttir er safnvörður í fullu starfi yfir sumartímam en í hlutastarfi um veturinn. Valbjörg Fjólmundsdóttir var í fullu starfi frá maílokum til ágúst loka sem safnvörður. Svo hafa Sigríður Stefánsdóttir, Svanhildur Björg Pétursdóttir og Stefán Jón Pétursson hlaupið undir bagga þegar á hefur þurft á að halda.

Launað vinnuframlag starfsmanna samsvarar um 1 ársverki.



Mynd 2 Vigdís Finnbogadóttir opnar safnið formlega



Ársskýrsla 2008

Aðsókn

Aðsóknin kom okkur á óvært. Okkar áætlanir gerðu ráð fyrir um 1.000 manns fyrsta árið og miðuðum við þá við lengri opnunrtíma en raunin varð. Það komu rétt tæp 2.000 manns til okkar frá opnun til áramóta.

Eins og sjá má á línuritinu eru flestir að koma í ágúst og september en nokkuð rólegt eftir það.

Gestirnir sem heimsóttu safnið eru frá um 27 þjóðlöndum og á línuriti má sjá hvernig fjöldin er frá hverju landi.



Húsnæði

Húsnæðið var í byggingu fram á síðustu stundu. Það kláruðust öll verk inni í safnhúsinu. En nokkur vinna er eftir ennþá í frágangi að utan. Það þarf að klára ganga frá lóð, vegi og bílastæðum. Setja upp fleiri skilti og fánastangir.

Sýningarsalurinn er að koma mjög vel og skemmtilega út, veitingasalurinn er á köflum of lítill sem og geymsluaðstaða. Bátaskýlið kemur vel út og er að fá góða dóma.



Mynd 3 Fuglar í safni Fuglasafns Sigurgeirs

Safnkostur

Safnkosturinn er um 330 uppstoppaðir fuglar, 500 egg og um 50 gripir í bátaskýlinu. Í sýningunni eru um 250 fuglar, 400 egg og allir munirnir í bátaskýlinu.

Sigurgeir átti alla fuglana nema Óli Sveins á Akureyri færði okkur 8 fugla og maður úr Reykjavík sendi okkur Snæuglu og Fálka. Eggjunum var Sigurgeir búinn að safna sjálfur en til viðbótar færðu afkomendur Jóhanns Jóns Þorvaldssonar, vinar Geira og fuglaáhugamanns, allt eggjasafnið hans. Svo færði Elín Steingrímisdóttir Grímsstöðum safninu strútslegg til varðveislu og Hvalasafnið gaf safninu nokkur egg, aðalega undan sjófuglum.

Skráningarkerfi

Það er ekkert skráningarforrit til fyrir náttúrugripi sem við vitum um svo við byrjum á því að skrá alla fuglana og eggin í Excel forrit. Áætla að það sé um 20% af þeirri vinnu lokið. Munina í bátaskýlinu er ætlunin að skrá í Sarp. Það kostar mikið að fá aðgang að Sarpi og þá fjármuni höfum við ekki getar reitt fram svo það er ekki byrjað að skrá þá muni ennþá. Það er í athugun hvort við getum verið í samstarfi við önnur söfn varðandi þessa skráningu.


Varðveisla

Hitastýring er góð bæði í geymslu og safnrými. Öryggiskerfi og brunakerfi eru af fullkomnustu gerð og tengd beint við Securitas. Við þurfum aðeins að bæta hjá okkur geymsluaðstöðuna. En þrátt fyrir það eru allir gripirnir í góðri og öruggri vörslu.

Rannsóknir

Við erum í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn í rannsóknarvinnunni. Álfir voru taldar á hverjum mánudagsmorgni í allt sumar. Það var gaman að sjá þróunina á fjöldanum, um varptíman voru hér aðeins 2 pör en eftir hann voru allt upp í 230 fuglar á vikinni. Svo ætlum við að fylgjast betur með varpi í hólmunum í Neslandavíkinni og flórgoðavarpi frá Neslönðum að Grímsstöðum. Svo höfum við einnig verið að skoða upplýsingar um veiðarfæri fyrri tíma sem voru notuð í Mývatni. Saga Sleypnis hefur líka verið í skoðun.

Fjöldi álfra á Neslandavík 2008



Miðlun

Það er 1 aðalsýning þar sem fuglarnir og eggin eru. Sýningin í bátaskýlinu er ekki klár ennþá en verður það vonandi í vor. Við höfum útbúið verkefni fyrir skólakarkka og er það í ennfrekari vinnslu. Gefum út bækling, höldum úti heimasíðu og prentuðum 4 jólakort fyrir jólin. Rannsóknarniðurstöður eru byrtar á heimasíðunni og voru líka sendar til Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Það voru gerð drög að margmiðlunarefni fyrir safnið en það vantar fjármagn til að koma því verki áfram.







Mynd 4 Fuglasafn Sigurgeirs og Bláfjall í bakýn að vetri

Önnur þjónusta

Erum með 2 Fuglakíkja í veitingasalnum sem vekja mikla ánægju gesta enda gaman að horfa á fuglalífið fyrir framan safnið. Höfum fuglabækur á staðnum fyrir gesti svo þeir geti fræðst um fuglana og áttað sig á því hvaða fuglar eru út á vikinni. Við seljum kaffi af ýmsum gerðum og svo brauð á þjóðlegu nótunum, hverabakað rúgbrauð með reyktum silungi, flatbrauð með hangikjöti, vöflur bakaðar á staðnum, kleinur ofl. Svo er einnig á boðstólnum gos, súkkulaði, bjór, léttvín, ávaxtadrykkur ofl. Við veitum ráðgjöf eins og við getum til fuglaskoðunar, hvenær og hvar er líklegt að finna ákveðna fugla.

Rekstur

Rekstur safnsins gekk vonum framár. Tekjur urðu 1.144.608 kr og skiptast eins og línuritinn sína. Gjöldin eru 7.515.863 kr sem skiptist í rekstrarvörur 1.862.540 kr, þjónusta 84.869 kr, annar rekstrarkostnaður 2.195.631 kr og laun og launatengd gjöld 3.372.823kr. Við þurfum að bæta talsvert í tekjurnar til að ná upp í gjöldin. Við opnuðum ekki fyrr en eftir aðal ferðamannatímabilið svo næsta ár ætti að verða mun betra.



Mesti aðgagnseyririnn er að koma frá fullorðnum. Við erum að selja mun meira af venjulegu kaffi en það verður að koma í ljós hvernig það verður í sumar. Það selst lítið af öðrum drykkjum en það breytist kanski líka þegar fer að hlína og fólk getur setið úti og notið veitinga. Í meðlætinu er mest salan í vöfflum enda hafa þær verið mest á boðstólnum. Í sumar verður lögð meiri áhersla á rúgbrauðið og flatbrauðið en nú er. Það selst lítið af sælgætinu.

Mat á starfssemi

Safnið hefur hlotið mikið lof og eru notuð sterk lýsingarorð til að lýsa upplifuninni. Margir segja þetta löngu tímabært að koma með eitthvað um fugla hér í Mývatnssveit. Það var mikill heiður að fá viðurkenningu frá Markaðsskrifstofu ferðamála á norðurlandi fyrir mjög áhugaverða nýjung í ferðamennsku á norðurlandi. Það sem komið er sýnir að við erum á réttri leið en það er hægt að gera margt til að safnið verði enn áhuga- og eftirsóknarverðara.

Næstu skref

Við þurfum að klára sýninguna í bátaskýlinu, klára alla útvinnu við lóð, heimreið og bílastæði fyrir vorið. Klára hraunhleðslur og að setja upp skilti. Undirbúa vel rannsóknarvinnuna og gera hana faglegri og víðtækari. Koma upp myndavélabúnaði á hreiður og reyna koma myndinni á netið.




Mynd 5 Bæklingurinn á Ítölsku

Í kynningarmálum þurfum við að koma bæklingnum sem fyrst í prentun og dreyfingu á sem flestum tungumálum. Heimasíðuna verður að setja á fleiri tungumál og vera dugleg að setja inn fréttir og annað efni. Þurfum að koma okkur á framfæri hjá ferðaskrifstofum og öðrum þjónustuaðilum.

Lokaorð

Við höfum lyft grettistaki með opnun Fuglasafns Sigurgeirs og þar með látið draum Sigurgeirs heitinns rætast.

Hér höfum við frábært hús sem er glæsilegur arkitektúr og listaverk út af fyrir sig og sýningu sem er á heimsmælikvarða. Áhugaverð rannsóknarverkefni og fjölbreytt fuglalíf allt í kring. Með allt þetta í farteskinu tel ég að Fuglasafnið eigi eftir að verða vinsæll áfangastaður ferða- og fræðimanna og skapi fjölbreyttari störf í samfélaginu. Með góðri markaðssetningu ætti safnið að geta staðið undir rekstri og viðhaldi.



Pétur Bjarni Gíslason